

## **6. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar fimmtudaginn 26. mars. 2015 og hófst kl. 12:00**

**Mætt eru:** Gunnólfur Lárusson formaður , Jósteynn Hermundsson, Steinunn Leósdóttir, Aðalbjörn Arnarsson og Elías Pétursson.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar.

### **Dagskrá :**

#### **1. Lóðamál Vesturvegur 1-3.**

Farið var yfir lóðarblöð og samninga fyrir Vesturveg 1,3,5 og Langanesveg 5. Sveitarstjóra falið að útvega þinglýst gögn til að hafa á næsta fundi. Samþykkt samhljóða.

#### **2. Leyfi fyrir auglýsingaskiltum fyrir Báran KNA Veitingar.**

Rekstraraðili Bárunnar óskar eftir að fá að setja upp tvö auglýsingaskilti til þess að auglýsa veitingastaðinn. Annað skiltið yrði sett upp á gaflinn hjá Eyrarvegi 1 sem snýr norður, stærð skiltis er ca.2,5\*1,5 og hitt skiltið yrði sett á sólpall sem er austan megin (sjávar megin) við Eyrarveg 3 og verður skiltið fest á núverandi handrið, stærð skiltis er ca.7 \*1,5 m.

Nefndin samþykkir umsóknina samhljóða en bentir á að liggja þurfi fyrir leyfi húseigenda áður en skiltin verði sett upp.

#### **3. Önnur mál:**

Nokkur umræða fór um urðunarmál á Bakkafirði og verið er að vinna í svörum vegna athugasemda sem gerðar voru.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.13:30